

Ed.

### 608. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um verzlunarbækur.

Frumvarp þetta hefir tekið þeim breytingum í háttv. neðri deild, að síðari málsgrein annarar greinar hefir verið feld í burtu. Þessi málsgrein hafði það ákvæði inni að halda, að verzlun var gert að skyldu að láta viðskiftavin í té samrit af viðskiftunum, samkv. frumbókinni í hvert sinn, sem bókfærð viðskifti eiga sér stað. Í þess stað hefir verið sett ákvæði um að löggilda ætíð frumbókina.

Þessu ákvæði er nefndin mótfallin sem fyr og það af sömu ástæðum og áður, og leggur því til að það verði felt og frumvarpið sett í sama form og það áður var í, er það fór hér út úr deildinni.

#### Breytingartillaga:

Við 2. gr.

- a. 2. málsgrein, »Frumbók skal vera« o. s. frv. skal falla í burtu. Í þess stað komi:
- b. Samrit af viðskiftunum, eins og þau eru bókuð í frumbókina, skal ætíð láta skiftavin í té í hvert sinn og einhver verzlunarviðskifti fara fram bóklega.

Efri d. alþingis 23. apríl 1909.

J. Havsteen,  
formaður.

Aug. Flygenring.  
skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.

Gunnar Ólafsson.

Ari Jónsson.